

REGLUGERÐ

um undanþágu frá lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, vegna sölu málningar- og lakkleysa, sem innihalda metanól.

1. gr.

Heimilt er að selja á almennum markaði varning, sem inniheldur allt að 2% metanól, til að fjarlægja málningu eða lakk. Umbúðir undir slíkan varning skulu merktar með:

Varnaðarmerki:	X_n , sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari.
Hættusetningar:	Hættulegt við innöndun.
Varnaðarsetningar:	Geymist þar sem börn ná ekki til. Umbúðir skulu vera vel luktar. Haldið frá hitagjöfum – reykingar bannaðar. Varist snertingu við húð.

2. gr.

Fram til 1. janúar 1990 er heimilt að selja á almennum markaði málningar- og lakkleysa, sem innihalda allt að 5% metanól, enda verði umbúðir merktar með sama hætti og greinir frá í 1. gr. að því undanteknu að nota skal varúðarmerki T, sbr. fylgiskjal með reglugerð þessari, í stað X_n .

3. gr.

Varnaðarmerki skulu vera svört á appelsínugulum grunni, en textinn á varnaðarmerki skal vera svartur á hvítum grunni. Útlit varnaðarmerkja skal vera í samræmi við fylgiskjal með reglugerð þessari. Varnaðarsetningin „Geymist þar sem börn ná ekki til“, skv. reglugerð þessari skal vera með letri, sem er greinilegra en letur á öðrum varnaðar- eða hættumerkingum.

4. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirstjórn Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með sölu á málningar- og lakkleysum skv. reglugerð þessari.


5. gr.

Reglugerð þessi sem sett með stoð í 24. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi þegar við birtingu, þó með þeirri undantekningu sem um getur í 2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. maí 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal.Varnaðarmerki.

10. maí 1989

Nr. 245

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 169 20. mars 1989.

Í kaflanum „Hitataxtar“ er bætt við nýjum taxa, C11. Þeir sem hita hús sín með rafhituðu vatni en eiga þess kost að tengjast hitaveitunni skulu greiða samkvæmt þessum taxa.

Kaflinn „Hitataxtar“ breytist því og verður svohljóðandi:

	Hitataxtar.	Fast gjald kr/ár	Aflgjald kr/kW/ár	Orkugjald kr/kWh
C1 Rofin daghitun				
Roftími 2×1,30 klst.		4.129		1.88
C11 Rofin daghitun				
Roftími 2×1,30 klst.		4.955		2.26
C2 Rofin næturhitun				
Roftími 15 klst. á tímabilinu kl. 06–24		4.129		1.58
C3 Órofin hitun		4.129		3,97/2,49

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samín er og samþykkt af stjórn veitustofnana á Akureyri, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 10. maí 1989.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.